

# Fundur NOS stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs.

haldinn í fjarfundabúnaði þriðjudaginn 31. janúar 2023 kl. 9:00.

## Mætt:

*Aldís Hafsteinsdóttir, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Jón Bjarnason, Hulda Kristjánsdóttir, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Elliði Vignisson, og Geir Sveinsson.*

*Á fjarfundinn mættu að auki Bryndís Gunnlaugsdóttir og Freyja Sigurgeirsdóttir frá KPMG*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

### 1. Laun staðgengils forstöðumanns.

Melkorka er hætt og Anný og Hrafnhildur hafa verið staðgenglar hennar frá 1. janúar 2023 með auknu álagi.

Stjórn samþykkir samhljóða að greiða álagsgreiðslu vegna aukinnar ábyrgðar. Ásu og Bryndísi falið að vinna málið áfram.

### 2. Ráðning starfsmanna frá 1. mars 2023 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs.

Ráða þarf inn starfsfólk fyrir sveitarfélögin sem verða í byggðasamlaginu eftir 1. mars og er nauðsynlegt að auglýsa störfin í febrúar. Samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins fer stjórn er með ráðningavald og þarf því núverandi stjórn að samþykkja að auglýsa en ný stjórn mun síðan ganga frá ráðningu eftir að Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus ganga út úr byggðasamlaginu þann 1. mars.

Stjórn samþykkir samhljóða að auglýst sé eftir starfsfólki. Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus munu ekki taka þátt í starfsmannakostnaði á nýjum starfsmönnum sem ráðnir verða inn eftir 1. mars.

### 3. Samstarf um barnaverndarbakvaktir.

Stjórn samþykkir samhljóða að vera saman í barnaverndarbakvöktunum á þjónustusvæðunum þremur; Uppsveitum og Flóa, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi. Stjórn felur KPMG að boða til fundar með Anný Ingimarsdóttur fyrir Uppsveitir og Flóa, Jóhönnu M. Hjartardóttur fyrir Sveitarfélagið Ölfus og Helgu Bryndísi Kristjánsdóttur fyrir Hveragerðisbæ um nánari útfærslu.

### 4. Áætlun um skil og miðlun upplýsinga til Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Héraðsskjalasafnsins.

Stjórn samþykkir samhljóða áætlun um skil og miðlun upplýsinga vegna flutnings verkefna frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða bs. til Hveragerðisbæjar, Sveitarfélagsins Ölfus og Héraðsskjalasafnsins.

### 5. Samkomulagi og fjárhagslegu uppgjöri vegna útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus.

Verið er að vinna að drögum um samkomulag og fjárhagslegt uppgjör. Afgreiðslu málsins fresta til næsta fundar.

**6. Önnur mál.**

Ákveðið að funda næst 13. febrúar klukkan 8:15 í fjarfundabúnaði. Bryndís mun boða til fundarins.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00.